

6. bekkur textílmennt

Kennarar: Arndís S. Guðmundsdóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Textílmennt felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum.

Unnið er með handverk, aðferðir og tækni, sköpun, hönnun og útfærslu ásamt menningu og umhverfi

Í textílmennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Að nemandi þjálfist að vinna eftir skriflegum leiðbeiningum. Bæti við kunnáttu í vélsaumi og læri að þræða yfir og undirtvinna í saumavél. Bæti við kunnáttu í prjóni/hekli. Vinni sjálfstætt með litarval, hönnun og úrfærslu.

Námsefni

Efni, snið, saumavél, títuprjónar, garn, prjónar, heklunál, efnisfræði og leiðbeiningar.

Kennsluaðferðir

Vélsaums- og prjónaverkefni unnin með leiðsögn kennara þar sem reynir á sjálfstæði og sköpun nemanda.

Námsmat

Símat sem byggir á ástundun, umgengni, færni og vinnubrögðum.

Textílmennt fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Textílmennt fyrir 5.-7. bekk - Handverk, aðferðir og tækni

- Beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Unnið með einföld snið og uppskriftir.

Textílmennt fyrir 5.-7. bekk - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.
- Notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla.